

Ár 2010 miðvikudaginn 5.maí er dómþing í dómstóli ÍSÍ sett og háð af Guðmundi Jónssyni að Grófarsmára 32, Kópavogi

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2010

Ungmennafélag Grundarfjarðar (UFMG)

gegn

Blakdeild Stjörnunnar

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er móttekið af skrifstofu ÍSÍ 26. mars sl. Kærandi er Blakdeild UMFG kt 630199-2689 Grundargötu 68, Grundarfirði. Kærði er blakdeild Stjörnunnar kt.611093-2259, Ásgarði, Stjörnuhúsinu, Garðabæ.

Kærða var með bréfi formanns dómstóls ÍSÍ gefinn kostur á að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstóli ÍSÍ hinn 31. mars s.l.

II

Dómkröfur kæranda:

„Í samræmi við lög BLÍ um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna þá er það krafa kæranda að leikur UMFG og Stjörnunnar verði settur í 3-0. Jafnframt er það krafa kæranda að fyrri leikur Stjörnunnar og UMFG sem var spilaður 16 . mars 2010 í Ásgarði verði einnig settur 0-3 og félagið sektað vegna ítrekaðra brota.“

Síðan gerir kærandinn grein fyrir málavöxtum, lagarökum og röksemdum og leggur fram sönnunargögn, leikskýrslu og tölfræði frá BLÍ.

III

Af hálfu hins kærða félags er gerð eftirfarandi grein fyrir málinu:

Dómkröfur: „hvað varðar kröfur kæranda, um að leikur UMFG og Stjörnunnar 2, í Grundarfirði 22. mars 2010 verði settur í 3-0 eru málavextir og lagarök skýr en röksemdir og annað er lagt í hendur dómara. Hvað varðar leik Stjörnunnar 2 og UMFG 16. mars 2010 í Ásgarði, þá verður ekki annað séð en að kærufrestur sé liðinn. Því verður ekki annað séð en að sú krafa falli niður og þá ekki til umfjöllunar. Félagið biðst undan því að vera beitt fjársektum og er vísað í rökstuðning hvað það varðar hér síðar.“

Raktir eru síðan málavextir lagarök og röksemdir, og vísað til fyrirbyggjandi sönnunargagna.

IV

Þar sem enginn dómstóll er starfandi hjá Blaksambandi Íslands kemur það í hlut dómstóls ÍSÍ að skera úr um ágreining aðila.

Ekki þykir í máli þessu ástæða til munnlegs málflutnings.

V

Niðurstaða:

Kröfum í máli þessu og „gagnkröfum“ er varða aðra leiki en þann sem fram fór hinn 22. mars s.l. er vísað frá dómi þar sem kærufrestur er liðinn við móttöku kærunnar.

Varðandi leik aðila hinn 22. mars s.l. :

Kærandi lagði inn handritaða kæru fyrir lok kærufrests. Mat dómstóllinn inntakið illlæsilegt og gaf kæranda kost á annars vegar að skila inn vélritaðri kæru og hins vegar að gera grein fyrir tilgangi kærunnar í ljósi fyrirbyggjandi úrslita.

Vélrituð kæra barst hinn 30. mars s.l. dagsett þann dag en hinu síðarnefnda var ekki sinnt.

Kærði tefldi fram ólöglegum leikmönnum samkvæmt reglum BLÍ. Viðurlög við slíkri háttsemi er að dæma skal leikinn tapaðan því liði með tilteknum úrslitum , 3-0. Kærandi vann leikinn 3-2.

Það er mat dómsins að slíkum viðurlögum verði ekki beitt gagnvart liði sem tapað hefur leik nema kærandi hafi sýnt fram á að hann hafi hagsmuni af hinum lögboðnu úrslitum.

Aðilar fara fyrir dómstóli ÍSÍ með forræði máls. Kærandi hefur þrátt fyrir beiðni dómstólsins á engan hátt gert grein fyrir áhrifum þess að leikurinn verði dæmdur honum unninn með 3-0.


Þrátt fyrir heimild í gr. 27.7 í lögum ÍSÍ fyrir dómstólinn að kalla eftir upplýsingum sérsambands leiðir það ekki til skyldu hans ex officio að kanna hver áhrif viðurlagabæitingin kann að hafa á stöðu kæranda umfram það sem sigur í hinum kærða leik hefur fært honum.

Í ljósi þessa er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómstóli ÍSÍ.

Dómsorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Guðmundur Jónsson



Samkvæmt grein 24.3 í lögum ÍSÍ hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn sé máli vísað frá dómi. Frestur skal byrja að líða þegar frávisun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.